

# Á að láta undan?



**Hlynur Níels  
Grímsson**

[hlynur@landspitali.is](mailto:hlynur@landspitali.is)

Afleiðingar hruns íslenska bankakerfisins verða áþreifanlegri íslenskri alþýðu með hverri vikunni sem líður. Atvinnuleysi á landinu er nú 4% og spár gera ráð fyrir allt að 10% atvinnuleysi á næsta ári. Töluverður hluti þeirra sem skulda húsnæðislán er tæknilega gjaldþrota, jafnvel þeir sem ráða enn sem komið er við mánaðarlegar afborganir lána-anna. Margir hafa glatað ævisparnaðinum á þann hátt að sparnaðurinn verður aldrei endurheimtur. Í grein í 11. tbl. *Læknablaðs* ársins 2008 lýsir Kristinn Tómasson, læknir, skýrum niðurstöðum rannsókna um afgerandi áhrif efnahagsaðstæðna á heilsu manna.

Aðstæður á Íslandi dagsins í dag geta á engan hátt talist eðlilegar sé miðað við aðstæður í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við, hjá nágroñnum okkar í Skandinavíu. Efnahagsaðstæður nú eru því miður ekki stundarfyrirbrigði, heldur komnar til að vera næstu árin og jafnvel áratuginn. Í ljósi þessa, sem og ofangreindra rannsókna, er athyglisvert að skoða viðbrögð íslenskra heilbrigðisfyrvalda við hruninu. Á fyrstu dögum hrunsins skipaði heilbrigðisráðherra, á sýnilegan hátt í öllum fjölmiðlum, Landspítala að vera í „viðbragðsstöðu“ vegna þeirra sem til sjúkrahússins kynnu að leita eftir að hafa svo að segja á einni nóttu breyst úr matvinnungum í öreiga. Sérstök sálfræðimóttaka vegna þessa var meira að segja sett á laggirnar á gömlu heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg.

Nú, aðeins nokkrum vikum síðar, eru hins vegar aðrir tímar. Samkvæmt samkomulagi ríkisstjórnarinnar við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á að skera niður ríkisútgjöld og ráðuneytin hafa þegar hafist handa við verkið. Þó neitaði Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra, því á alþingi í nóvembermánuði síðastliðnum, í kjölfar fyrirspurnar þingmanns stjórnarandstöðunnar, að búið væri að taka nokkrar ákvarðanir um niðurskurð

í heilbrigðiskerfinu. Þessi fullyrðing ráðherra stangast hins vegar áberandi á við orð Björns Zoëga, lækningaforstjóra Landspítala, í viðtali í *Morgunblaðinu* þann 6. desember síðastliðinn þar sem rætt er við Björn um fyrirhugaða sameiningu bráðamóttaka Landspítala. Orðrétt segir Björn: „Núna er ljóst að það þarf að hagræða í ríkiskerfinu. Eitthvað þarf að láta undan og við ákváðum að leggja þetta til.“

Það vita þeir sem vilja vita að fjárveitingar ríkisins til Landspítala hafa staðið í stað mörg undanfarin ár. Á sama tíma hefur umfang starfsemi spítalans ekkert nema aukist. Allan þunga þeirrar byrðar hafa almennir starfsmenn spítalans, fólkið „á gólfinu“, borið. Þar sem undirritaður þekkir best til, á göngudeild krabbameins- og blóðlækninga og geislameðferðardeild Landspítala, hefur starfsemisaukningin numið á annan tug prósentu milli ára síðastliðin ár. Á sama tíma hafa ýmsir stjórnámálmenn, jafnvel háttsettir slíkir, rætt opinberlega um spítalann nánast sem vandamál; orðin „halli“, „framúrkeyrsla“ og „hagræðing“ eru þau orð sem stjórnámálmennirnir hafa þannig notað sem töfraþulu tilviljanakenndra atkvæðaveiða í stað þess að kunna að meta þá ósérhlífni, ábyrgð og metnað sem fólkið á gólfi Landspítalans hefur sýnt í störfum sínum – og það þrátt fyrir afskipti pólitíkusanna af störfum þeirra.

Í sama tbl. *Læknablaðsins* og Kristinn Tómasson ritar grein sína veltir Þórarinn Guðnason, varaformaður LÍ, vöngum varðandi framtíðarhlutverk og -stefnu Læknafélags Íslands. Á liðnum árum, hefur því miður, Læknafélagið verið alltof fjarlægt þeirri skyldu sinni að standa vörð um íslenskt velferðarkerfi. Ef einhvern tíma hefur verið þörf á að LÍ stigi inn í umræðuna um velferðina þá er það nú. Íslensk alþýða á það skilið að ekki sé látið undan.

Hlynur er læknir á  
Landspítalanum